



Bandarískar skólahljómsveitir

**Náms- og kynnisferð skólahljómsveitarstjóra
til Boston 1. – 7. apríl 2006**

Bandarískar skólahljómsveitir

**Náms– og kynnisferð
skólahljómsveitarstjóra til Boston
1.-7. apríl 2006**

**Ritstjóri
Laufey Ólafsdóttir**

**Myndir
Runólfur Birgir Leifsson**

**© Menntasvið Reykjavíkurborgar
2006**

Efnisyfirlit

Markmið.....	4
Ferðarlangar.....	4
Dagskrá	5
Skipulag og rekstur skólahljómsveita í Boston.....	6
Heimsókn I.....	7
Heimsókn II.....	9
Heimsókn III	11
Heimsókn IV	13
Heimsókn V	15
Foreldrafélagið Friends og the arts	16
Samantekt.....	17



Frá vinstri: Jón E. Hjaltason, Runólfur Birgir Leifsson, Vilborg Jónsdóttir, Lárus Grímsson, Edward Frederiksen og Laufey Ólafsdóttir fyrir utan Lexington High School.

Markmið

Markmið þessarar fyrstu náms- og kynnisferðar skólahljómsveitarstjóra í Reykjavík var að kynnast uppbyggingu og rekstri bandarískra skólahljómsveita og bera saman starfsemi þeirra og kennsluhætti við reykvísku skólahljómsveitirnar fjórar. Þá var ætlunin að kynna sér aðstöðu og innra og ytra starfsumhverfi bandarísku sveitanna og sjá hvað læra mátti af því fyrirkomulagi. Líta má á ferðina sem lið í almennri símenntun tónlistarkennara og stjórnenda. Fyrir utan hljómsveitarstjórana fjóra fóru Laufey Ólafsdóttir tónlistarfulltrúi og Runólfur Birgir Leifsson fjármálastjóri á Menntasviði í þessa námsferð.

Sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík, Public Affairs Section, aðstoðaði við skipulag ferðarinnar í samræmi við óskir hópsins og þeirra markmiða sem hann hafði sett sér.

Sendiráðsstarfsmenn sóttu formlega um aðstoð Evrópudeildar mennta- og menningarmála í bandaríska utanríkisráðuneytinu í Washington og var sú beiðni samþykkt. Það fól í sér að ferðin var skipulögð hópnunum að kostnaðarlausu og samkvæmt alþjóðlegri áætlun sem kallast “A US Department of State International Visitor Leadership Program”.

Ferðalangar

Edward Frederiksen, stjórnandi skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts,
Jón E. Hjaltason, stjórnandi skólahljómsveitar Grafarvogs,
Laufey Ólafsdóttir, tónlistarfulltrúi á Menntasviði Reykjavíkur,
Lárus Grímsson, stjórnandi skólahljómsveitar Vesturbæjar og Miðbæjar,
Runólfur Birgir Leifsson, fjármálastjóri á Menntasviði Reykjavíkur,
Vilborg Jónsdóttir, stjórnandi skólahljómsveitar Austurbæjar.

Dagskrá

Laugardagur 1. apríl 2006

Komið til Boston

Sunnudagur 2. apríl

New England Scholastic Band Association Winter Guard Finals í Dartmouth High School.

Mánudagur 3. apríl

Kl. 9:15 Ferðalangar sóttir á hótél og þeim ekið til Lexington.

Kl. 10:00 Fundur með Jeffrey P. Leonard stjórnanda skólahljómssveitar og jazzdeildar í Lexington High School. <http://lhs.lexingtonma.org/lhsadmin.html> og <http://lhs.lexingtonma.org/Dept/FineArts/faculty/leonard.html>

Kl. 20:00 Tónleikar í New England Conservatory, Jordan Hall.

Þriðjudagur 4. apríl

Fyrir hádegi farið í nótna- og hljóðfæraverslanir.

Kl. 13:40 Ferðalangar sóttir á hótél og þeim ekið til King Philip High School í Norfolk. <http://www.kingphilip.org/homekp.html>

Kl. 15:30 Fylgst með æfingu hjá King Philip Honors Band fyrir nemendur í 4. – 6. bekkjar.

Kl. 17:30 Fundur með Peter Tileston, tónlistarstjóra.

Miðvikudagur 5. apríl

Kl. 9:15 Ferðalangar sóttir á hótél og þeim ekið til Billerica High School, Billerica. <http://www.billerica.mec.edu/BPS%20Web/Central%20Administration>

Kl. 10:00 Fundur með Stephen Correia, yfirmanni listadeildar í Billerica High School. Hlýtt á æfingu skólahljómssveitarinnar og aðrar tónlistaræfingar í skólanum.

Kl. 14-16:00 Fundur með Bill Pappazisis, stjórnandi listadeildar í Belmont High School. <http://www.belmont.k12.ma.us/>

Kl. 19:00 Fylgst með fundi í 'Friends of the Arts' í Boston Latin High School.

Fimmtudagur 6. apríl

Kl. 8:15 Fundur með Paul Pitts, stjórnanda listadeildar í Boston Latin High School. <http://www.bls.org/cfml/13tmpl.cfm?page=welcome>


Hljómssveitaræfingar í Boston Latin High School.

Kl. 20:00. Boston Symphony Orchestra, Mozart tónleikar í Symphony Hall.

Föstudagur 7. apríl

Skoðunarferðir.

Heimferð.



Skipulag og rekstur skólahljómsveita í Boston

Sterk hefð er fyrir starfsemi skólahljómsveita (brassbands) í bandarískum skólum og þær starfa samkvæmt almennri námskrá fyrir tónlist. Hvert fylki skipuleggur sína tónlistarkennslu og lítil samvinna er á milli fylkja, þótt kennarar og hljómsveitarstjórnendur eigi kost á að sitja árlega ráðstefnu og sameiginleg námskeið í tónlistarkennslu í Massachusett-fylki. Í flestum opinberum skólum er starfandi lúðrasveit sem setur mikinn svip á skólastarfið og grenndarsamfélagið. Þó er mismikil áhersla á tónlistarstarf í skólunum og helgast það bæði af rekstrarformi þeirra og samfélagsgerð á hverjum stað. Í öllum skólunum sem við heim-sóttum var mjög öflug tónlistarkennsla og tónlistarstarf og hróður skólahljómsveita þeirra hefur borist víða.

Skólahljómsveitir í Boston eru hluti af almennu skólastarfi og kennarar og stjórnendur þeirra eru starfsmenn skólanna. Skólastjóri er næsti yfirmaður þess sem hefur yfirumsjón með skólahljómsveitunum og öðru tónlistarstarfi. Algengast er að börn hefji tónlistarnám í 4. bekk. Í sumum tilvikum, s.s. Boston Latin School, byrja þau í 7. bekk og er þá boðið upp á tónlistarnám á vegum skólans. Þar er um að ræða strengjasveit, kór, lúðrasveit eða djassveit. Enginn fær einkakennslu á vegum skólanna, en hins vegar eru mörg börn, einkum þau eldri, í einkakennslu sem foreldrar greiða að fullu. Þó er hægt að sækja um aðstoð við að greiða niður einkakennslu vegna bágborinna fjárhagsaðstæðna nemanda. Almenn er tónlistarstarf á vegum skólanna nemendum að kostnaðarlausu og í sumum þeirra er einungis krafist staðfestingar- og inntökugjalds (\$30).

Það er skemmst frá því að segja að aðstaða til tónlistariðkunar var alls staðar mjög góð í þeim skólum sem íslenski hópurinn heimsótti og höfðu lúðrasveitirnar t.d. sína eigin æfingasalí. Sama gildi um kóra og aðrar hljómsveitir. Í einum skólanna (Boston Latin High School) var ein álma skólahússins alfarið nýtt til tónlistarkennslu og æfinga. Í öðrum skóla voru að auki sérstök æfingaherbergi fyrir nemendur. Þeir gátu keypt eða leigt hljóðfæri af einkafyrirtækjum (s.s. Rayburn). Oftast er um kaupleigu að ræða og jafnvel tilraunaleigu fyrstu 3 mánuðina. Skólarnir útvega nemendum þó stærri hljóðfæri, s.s. túbu og slagverk til að leika á í skólanum, svo þeir þurfi ekki að fara með þau heim og bera á milli. Oftast gátu skólarnir útvegað nemenda tvö stærri hljóðfæri, eitt til að hafa heima og annað til að æfa sig á í skólanum.



Heimsókn I

Lexington High School
251 Waltham Street
Lexington, MA7

Lexington er í 6 mílna fjarlægð frá Boston og þar búa 32.000 manns. Í bænum eru 6 barnaskólar 1.-6. bekkur (elementary schools), 2 unglingaskólar 7. – 8. bekkur (middle schools) og 1 framhaldsskóli 9. – 12. bekkur (high school) sem þjónar 6.000 nemendum. Menntunarsstig íbúa í þessum bæ er mjög hátt og í Lexington High School er sterk hefð fyrir lærdómsmenningu. Stjórnandi hljómsveitarstarfs, Jeffrey P. Leonard, tók á móti okkur og sýndi okkur aðstöðu skólahljómsveitarinnar og annan aðbúnað í skólanum. Þá fór hann yfir fyrirkomulag tónlistarkennslu og kynnti okkur áherslur hljómsveitarinnar og kennsluhætti.

Í Lexington hefja nemendur almennt hljóðfæranám í 5. bekk (10 – 11 ára). Þeir fá kennslu í 30 mínútur á viku og eru 2 – 8 saman í hópi og læra á skyld hljóðfæri. Hljómsveitaræfing er einu sinni í viku, í 45 mínútur í senn. Nemendur geta valið hvort þeir taka þátt í samæfingum. Í 6. bekk eru áfram samæfingar (kennsla) einu sinni í viku og tvisvar í viku eru sameiginlegar hljómsveitaræfingar, 45 mínútur í senn, fyrir blásarasveit og strengjasveit. Í 7. og 8. bekk eru hljómsveitaræfingar tvisvar í viku, 45 mínútur í senn.

Þegar nemendur fara í framhaldsskóla fá þeir fjórar hljómsveitaræfingar á viku, 50 mínútur í senn, svo og samæfingar. Þeir geta valið að læra á tvö hljóðfæri og taka þátt í hljómsveitarstarfi. Einkakennsla er í boði eftir skólatíma frá kl. 15.00 – 19.00.

Foreldrar standa straum af kostnaði við einkakennslu og kostar hver 45 mínútna kennslustund 42\$. Eldri nemendur, svokallaðir mentórar, taka oft að sér að kenna yngri nemendum og kostar þá kennslustundin 10 – 20\$. Í Lexington High School verða nemendur að ljúka fjórum önnum í tónlist, myndlist eða leiklist. Af 2000 nemendum höfðu 665 valið tónlist, eða röskur fjórðungur. Tónlistarnámið getur verið í formi kórastarfs eða hljóðfæranáms og hljómsveitarstarfs. Skólahljómsveitin starfar samkvæmt námskrá skólans í tónlist.

Í Lexington High School er mjög góð aðstaða til tónlistarkennslu. Þar eru tveir salir, annar eingöngu fyrir lúðrasveitir eða djass og hinn fyrir strengjahljómsveit og kór. Þar er jafnframt vinnuherbergi með tölvum sem nemendur hafa aðgang að til að vinna ýmis tónlistarverkefni. Þá eru fjögur æfingaherbergi fyrir nemendur. Þrír tónlistarkennarar starfa við skólann og sinna öllum nemendum. Þeir fá sömu laun og aðrir kennarar, en fá þó ekki alltaf greitt fyrir aukavinnu sem getur verið mikil um helgar vegna tónleikahalds.

Nemendur eru með hljóðfæri í kaupleigu og greiða 30 dollara á mánuði þar til þeir hafa eignast það að fullu.

Mikið brottfall er í tónlistarnámi í Lexington High School. Í 5. bekk hefja 250 nemendur tónlistarnám, en þegar komið er í 9. bekk eru einungis 50 nemendur að læra á hljóðfæri. Stjórnandi tónlistarstarfsins taldi að almennt væri ekki nógu mikið gert fyrir byrjendur í hljóðfæranámi. Þeir þyrftu að fá meiri einkakennslu og aðhald til að það skilaði sér í hljómsveitarstarfinu. Þorri þeirra 65 nemenda sem eru í bestu sveitinni í Lexington High School, eða u.þ.b. 95%, er í einkatímum, en í hinum sveitunum er um helmingur nemenda í einkatímum. Skólahljómsveitin tekur reglulega þátt í keppnum og hefur ferðast víða og haldið tónleika.



Absolutely NO
food or drink
(except water) in the
practice rooms!

Heimsókn II

King Philip North Middle School
18 King Street
Norfolk, MA 02056

Í Norfolk County búa 650,308 manns. 850 nemendur eru í unglingskóla (7. – 8. bekk) og 1200 nemendur í framhaldsskóla (9. – 12. bekk). King Philip er svæðisskóli sem þjónar bæjunum Norfolk, Plainville og Wrentham. Í hverfinu þar sem skólinn starfar byrja um 550 börn í hljómsveitarstarfi í 4. bekk barnaskóla. Í 6. bekk unglingskólans (middle school) eru nemendur um 120. Síðan fækkar þeim jafnt og þétt og einungis u.þ.b. 40 framhaldsskólarnemar eru í hljómsveit. Á endanum eru um 20 nemendur sem halda áfram tónlistarnámi. Engin einkakennsla fer fram á vegum skólans, en 75 % nemenda í 7. bekk og eldri árgöngum sækja einkatíma í hljóðfæraleik, 45 mínútur á viku og er greitt fyrir þá sérstaklega. Einkareknir tónlistarskólar bjóða upp á einkatíma í tónlist og oftast er kennt úti í skólunum. Nemendur í 7. og 8. bekk eru á samæfingum á skólatíma, en hljómsveitaræfingar fara fram eftir skólatíma en skoðast engu að síður sem þáttur í skólastarfi. Nemendur greiða 30 dollara til að fá að vera með í hljómsveitarstarfi, en ekkert fyrir samæfingar. Þeir verða sjálfir að kaupa eða leigja hljóðfæri (nema túbu og stærri hljóðfæri sem skólinn kaupir og lánar). Í 7. bekk fá nemendur tónmennt í 9 vikur, en námið er meira hugsað sem skemmtun en lærdómur. Mikil samvinna er á milli skólastiga, þ.e. unglingsstigs og framhaldsskólastigs.

Við fengum tækifæri til að hlusta á hljómsveitaræfingu hjá byrjendum og eins hjá hljómsveit fyrir nemendur sem voru lengra komnir. Báðar sveitirnar voru svokallað “Honors Band”, sem þýðir að börnin verða að sýna ákveðna hæfni til að komast inn. Þá átti hópurinn fund með Peter Tileston stjórnanda tónlistarstarfsins. Tileston heyrir beint undir skólastjóra en hefur mikið sjálfstæði í sínu starfi og taldi hann það nauðsynlegt. Í samtali við hann kom fram að hann taldi ekki taka því að fá börn í hljóðfæranám fyrir en þau væru komin í 6. bekk því of fáir tímar væru áætlaðir til að kenna yngri nemendum. Því væri árangurinn lítill og nemendur misstu fljótt áhugann.

Skólahljómsveitin hefur sérstakt æfingahúsnæði í skólanum sem ekki er notað undir aðra starfsemi. Honor Band er safnhljómsveit úr þremur unglingskólum. Sveitin kemur saman einu sinni yfir veturinn, heldur þrjár æfingar og tónleika. Nemendum er skipt upp í tvær hvsveitir, yngri og eldri. Í sveit eldri nemenda eru um 100 börn en um 70 í sveit yngri nemenda. Eldri nemendur aðstoða þá yngri. Daginn áður en við heimsóttum skólann hafði öllum nemendum verið skipt í hópa eftir því á hvaða hljóðfæri þeir léku. Þeir höfðu leikið einleik á tónleikum, sem er skylda vilji þeir taka þátt í hljómsveitarstarfi. Síðan voru þeir bestu valdir til að leika á tónleikunum. Allir sem taka þátt í hljómsveitarstarfi fá rauðan borða. Nemendur greiða 30\$ þátttökugjald fyrir að leika í Honors Band. Fyrir þá upphæð fá þeir kennslu, æfingar, rauða borðann og tónleika.

Stuðningshópur foreldra er mjög öflugur í King Philip og veltir um 100.000\$ á ári. Mikið af þeim peningum fara í búninga sem sveitin klæðist þegar hún kemur fram. Nemendur á framhaldsskólastigi spila mikið um helgar við ýmis tækifæri. Stjórnandi fær stundum auka-greiðslur fyrir þá vinnu.

Í Lexington High School er frábær aðstoða fyrir hljómsveitarstarf. Sveitin hefur stóra kennslustofu til umráða, þar er hátt til lofts og pláss fyrir mikið slagverk. Skápar eru á veggjum fyrir nemendur til að geyma hljóðfærin sín í. Í skólanum er einnig stór samkomusalur með stóru sviði og tekur hann 500 áheyrendur. Önnur hljómsveitin æfði þar og hin með 100 nemendum æfði í kennslustofunni.



Nemendur í King Philip (unglingastig) á æfingu. Verið er að tilkynna hverjir þeirra fá að leika einleik á tónleikum.



Hljómsveitaræfing hjá Honor Band í hátíðarsal King Philip High School

Heimsókn III
Belmont High School
221 Concord Avenue
Belmont, MA 02478
Tel: 617-993-5595

Belmont er 7 mílur suðvestur af Boston. Þar búa 24.194 manns og eru almennt vel menntaðir. Bæjarfélagið er vel stætt og rekur m.a. 6 skóla með 3850 nemendum, þar af 600 sem taka þátt í lúðrasveitarstarfi, eða 16% þeirra. Skólarnir eru í fremstu röð ef marka má árangur nemenda í prófum og könnunum. Í Belmont greiða íbúar háa skatta og nám hvers nemenda er greitt niður um 10.000 dollarar á ári. Skólastarf hefst kl. 7:30 og lýkur kl. 14.30. Stundaskrá er skipulögð með 7 lotum yfir daginn, en nemendur taka að jafnaði 6 lotur.

Í Belmont High School eru tvær blásarasveitir. Í annarri er úrval 35 – 40 nemenda sem hafa prufuspilað til að fá inngöngu. Í hinni sveitinni eru nemendur sem leggja ekki eins mikla áherslu á tónlistarnám. Í skólanum er einnig strengjasveit og kammersveit.

Hljómsveitaræfingarnar eru oftast snemma dags eða kl. 7:30 þegar nemendur mæta í skólann. Æft er allt að 4 sinnum í viku og í bestu sveitinni er æfingartíminn 2 X 53 mínútur og 2 X 78 mínútur á viku.

Nemendur geta hafið nám á strengjahljóðfæri í 3. bekk en annað hljóðfæranám í 4. bekk þegar þeir eru 9 ára. Þeir fá 45 mínútna kennslustund á viku og eru í allt að 15 manna hópi. Síðan bætist við hljómsveitaræfing einu sinni í viku. Á laugardögum er tónlistarskóli fyrir nemendur og er kennt í eina klukkustund í minni hópum. Nemendur greiða 140\$ fyrir 21 viku í tónlistarskólanum. Í 5. bekk fá nemendur 45 mínútna kennslustund á viku og tíma á laugardögum. Nemendur í 6. – 8. bekk fá fjórar 50 mínútna hljómsveitaræfingar á viku. Allt djasssamspil er eftir skóla. Nemendur geta keypt sér einkakennslu annars staðar því ekki er boðið upp á hana í skólanum.

Tónlistarkennarar kenna eftir reglubundinn skólatíma og fá greitt fyrir það 3000\$ á ári. Hljóðfærakennarar starfa jafnframt í mörgum skólum og fá greitt miðlægt frá bæjarfélaginu. 4 hljóðfærakennarar sjá um alla tónlistarkennslu á vegum hljómsveitarinnar. Þeir skipuleggja starfið og hafa mikið samstarf. Nemendur gera kaupleigusamning við hljóðfæraleigur nema þeir sem leika á stærstu hljóðfærin, þau eru í eigu skólans. Hljóðfæraleigur hjálpa einnig með ýmsu móti þeim nemendum sem ekki hafa efni á að leigja hljóðfæri. Skólarnir fá tilboð hjá leigusölum og semja síðan við einn leigusala sem sér þá alfarið um nemendur og var það fyrirkomulag haft í Belmont. Þannig fæst betri þjónusta fyrir alla nemendur. Leigusali tekur einnig ódýrar hljóðfæri upp í þau sem dýrari eru.

Stundaskrá Belmont High School tekur mið af því að nemendur fari úr tíma til að sinna hljóðfæranámi og öðru námi í vali. Nemendur fá tónmenntakennslu tvisvar í viku upp í 6. bekk, en í 6. – 8. bekk er skylda að læra tónlist. Ekki er boðið upp á tónfræðitíma með hljóðfæranámi en þess í stað er notað rafrænt námsefni sem kallast *Smart Music*. Þetta er að sögn tónlistarkennara í Belmont viðamikili námsefni sem gefur mikla möguleika. Námsefnið skiptist í 10 stig og er gert ráð fyrir að þeim öllum sé lokið áður en nemendi fer í framhaldsskóla. Námsefni er unnið heima og sent til kennara. Hvert stig er skrifað sérstaklega fyrir nemandann svo ekki sé hægt að svindla. Öll samskipti milli nemenda og kennara eru rafræn.

Kennarar í Belmont vilja fá meiri tíma til að kenna á hljóðfæri, en eins og fyrirkomulagið er nú verða þeir að verja drjúgum tíma á hljómsveitaræfingum til að kenna undirstöðuatriði í tækni. Þeir myndu fremur vilja kenna minni hópum í slíkri tæknivinnu og horfðu mjög til einkakennslunnar hjá íslenskum skólahljómsveitum.



Áhugasamir nemendur í Belmont High School á hljómsveitaræfingu.



Hljómsveitaræfing í King Philip High School. Mikið mátti læra af kennsluaðferðum hljómsveitarstjórans og athygli vakti hversu nemendur voru agaðir.

Heimsókn IV

Billerica Coordinator of Fine Arts

35 River Street

Billerica, MA 01821

Tel: 978-436-9329

Billerica er 26 mílur norðvestur af Boston. Þar búa 40.000 manns. Sveitarfélagið er ekki eins vel stutt fjárhagslega og hin sem við heimsóttum og sá þess greinilega stað í skólastarfi. Í skólanum er þó góð aðstaða til tónlistarkennslu, s.s. hljómsveitarsalur og kór-salur. Í Billerica greiðir bæjarfélagið 6.000\$ með hverjum nemenda. Nemendur hefja nám á hljóðfæri í 4. bekk og eru 8 saman í hópi einu sinni í viku, 30 mínútur í senn. Að sögn tónlistarkennara væri heppilegra að hafa sex nemendur að hámarki í hópi.

Standard of Excellence eftir Bruce Pearson er helsta námsefnið. Þegar nemendur hafa lokið tilskildum hluta námsefnis er öllum á sama stigi í sveitarfélaginu safnað saman á samæfingu sem fer fram í einum skóla. Í 5. bekk er nemendum safnað í aðra hljómsveit. Mikil samvinna er milli kennara, skólastjóra og tónlistakennara við gerð stundatöflu fyrir nemendur og miðast hún við lotur (blocks).

Í Belmont er mjög virkt foreldrafélag “Friends of Music” sem sér um að ráða 13 tónlistarkennara sem sjá um alla kennslu. Nemendur greiða til foreldrafélagsins sem sér alfarið um launagreiðslur til kennara. Skólinn hefur útbúið bæklinga fyrir foreldra með upplýsingum um tónlistarnámið á öllum skólastigum og þótti okkur það mjög til fyrirmyndar.

Um þriðjungur nemenda í Billerica hefur hljóðfæranám. Í framhaldsskóla velja þeir 2 annir í “fine – practical arts” sem er leiklist, kór eða hljómsveit. Nemendur leigja hljóðfæri og eftir þriggja mánaða nám fá foreldrar upplýsingar um framfarir og geta í framhaldinu gert mánaðarlegan kaupleigusamning við hljóðfærafyrirtæki. Í unglingaskóla eru hljómsveitaræfingar tvisvar í viku, 45 mínútur í senn. Nemendur geta fengið einkatíma hjá hljóðfærakennara og borga þá 18 dollara fyrir 30 mínútna kennslustund. Kennsla fer fram eftir skóla.

Í Billerica er kennt samkvæmt námskrá og stuðst er við gátlista sem merkt er við svo allir nemendur ljúki sömu grunnatriðum. Nemendur yngri bekkja fá venjulega tónmenntakennslu sem hættir í 6. eða 7. bekk. Framhaldsskólanemar taka próf á sitt hljóðfæri.

Nemendum er boðið að spila með æfingasveitum um helgar, en til þess að komast í þær þarf að prufuspila. Skólinn greiðir þann kostnað sem hlýst af þátttöku nemenda. Þeir geta einnig tekið þátt í djasssamspili og raðast þá í yngri og eldri sveit eftir aldri og getu.

Mikil afföll er í hljómsveitunum frá því nemendur hefja nám og þar til þeir fara í framhaldsskóla. Í unglingaskóla er um fimmtungur nemenda í skólasveit, eða um 80 nemendur, en þegar komið er í framhaldsskóla er einungis 10% þeirra enn að spila eða um 8 nemendur. Framhaldsskólanemar sem velja tónlistarnám fara á æfingar á hverjum degi í 50 mínútur í senn og er það er hluti af stundaskrá þeirra. Þeir geta valið á milli þess að starfa í kór, lúðrasveit eða í strengjasveit.





Miklar kröfur eru gerðar til nemenda í Boston Latin High School og keppst er um að fá inngöngu í skólann.



Paul Pitts yfirmaður listnáms í Boston Latin High School sagði okkur frá starfsemi skólahljómsveitarinnar.

Heimsókn V

Boston Latin High School
78 Avenue Louis Pasteur
Boston, MA 02115
Tel: 617-635-8895 ext. 121

Boston Latin High School er í miðborg Boston. Þar eru 2400 nemendur og nær helmingur þeirra er í tónlistarnámi. Skólinn hefur marga styrktaraðila og nýtur góðs af einkaaðilum sem styrkja hann á margan hátt. Risastórt bókasafn er t.d. byggt af auðkýfingi og fyrrverandi nemanda skólans. Inntaka nemenda miðast við 7. bekk og þeir keppa um að komast í skólann. Stjórnandi tónlistarstarfsins, Paul Pitts, tók á móti okkur, sýndi okkur aðstöðuna og fræddi okkur um starfið. Eins fengum við að fylgjast með æfingum.

Frábær aðstaða er til tónlistarnáms í skólanum. Ný álma fyrir tónlistarnám og starf var byggð árið 2000. Þar eru 3 misstórir salir, sá stærsti á pöllum. Einnig er þarna stórt tölvuherbergi og flestar stofur eru með gluggum svo hægt er að sjá af göngum hvað fer fram í þeim.

Flestir nemendur sem byrja í Boston Latin hafa ekki áður lært á hljóðfæri. Þeir geta valið að vera í strengjasveit, bláasaraveit eða kór. Bláasaraveitir eru tvær, ein í 7. bekk og ein í 9. bekk. Skólinn á flest hljóðfærin og stjórnandinn leggur mikla áherslu á að kaupa góð hljóðfæri sem endast vel. Hann fær 160.000\$ á ári til hljóðfærakaupa og annað sem til þarf. Skólustarf hefst kl. 7.45 á morgnana og er til kl. 14.50 á daginn. Stundaskráin er skipulögð í lotum og miðað er við 6 daga viku sem þýðir að taflan færast alltaf til. Í stundatöflu er gert ráð fyrir einhvers konar æfingu á hverjum degi. Nemendur greiða einungis fyrir einkatíma. Sú kennsla fer fram eftir skóla og eins æfa stórsveitir (big bands) eftir skóla.

Í skólanum er stór og glæsilegur salur með sviði þar sem tónleikar og aðrir viðburðir fara fram. Nemendur fara ekki mikið annað til að halda tónleika. Yfir veturinn eru 7 – 8 stórir viðburðir í skólanum. Mikið er um próf og nemendur þurfa að standa sig vel til að geta haldið áfram námi. Margir falla því úr skólanum eftir tvö ár.



Bókasafnið í Boston Latin High School var sérlega glæsilegt.

Foreldrafélagið “Friends of the arts” í Boston Latin High School

Á fundinn voru mættir um 12 foreldrar og umræðan snerist að mestu um greiðslur á reikningum sem stjórnandi tónlistarstarfsins lagði fram. Foreldrafélagið veltir miklum fjárhæðum og styrkir starfið mjög mikið. Það hefur því mikil afskipti af rekstri tónlistardeildar skólans. Engir foreldrar voru mættir frá öðrum listgreinum þrátt fyrir að félagið sé einnig hugsað fyrir þann hluta skólastarfsins. Stjórnandi tónlistarstarfsins fær ekki greiðslur fyrir að vinna með foreldrafélaginu en telur það engu að síður mjög nauðsynlegt. Umræðan snerist einnig um skreytingar fyrir stóra tónleika sem verið var að skipuleggja. Foreldrar sjá um slíkt, ásamt því að vinna við að taka á móti tónleikagestum og hafa eftirlit á tónleikum. Forvitnilegt var fyrir okkur að kynnast þessu öflugra foreldrafélagi í Boston Latin High School og fyrir hve miklum fjármunum því var treyst. Einnig hversu mjög foreldrar voru virkir með beinu vinnuframlagi sem er nær óþekkt í starfi reykvísku skólahljómsveitanna.



Notaleg kvöldstund að lokinni heimsókn í Boston Latin High School

Samantekt

Megintilgangur ferðarinnar var eins og áður segir að kynna uppbyggingu og aðbúnaði skólahljómsveita í Boston. Niðurstöður byggja á umræðum og samráðsfundi ferðalanga eftir heimkomuna.

Talsverður munur er á starfi og aðbúnaði þeirra hljómsveita sem við heimsóttum í Boston og því sem tíðkast hér á landi. Í krafti stærðarinnar geta bandarískir skólar státað af mjög góðum hljómsveitum í framhaldsskólum (high school) en brottfall nemenda er hins vegar mikið á yngri skólastigum. Þeir sem halda áfram tónlistarnámi í framhaldsskóla ná lengst og hafa jafnframt notið einkakennslu. Almenn má þó halda því fram að kennsla á hljóðfæri sé fremur takmörkuð á vegum skólahljómsveitanna, nema þá í stórum hópum. Nemendur skortir almennt tæknifærni til að takast á við flókin verkefni og fá lítinn stuðning þótt þeir hafi notið góðrar þjálfunar í samspili. Þetta fannst okkur miður því áhuginn virðist mikill en fjölmargir þeirra sem hefja nám heltast úr lestinni. Meginskýringin er sú að nemendur fá ekki nægilegt aðhald og kennslu og þeim finnst ekki að þeir ráði við verkefnin. Styrkur íslenska kerfisins liggur hins vegar í einkakennslu á hljóðfæri alveg frá upphafi náms og ekki síst því að nemendur geta hafið nám snemma, eða 8 ára. Þá er betra heildarskipulag á kennsluháttum og starfsemi reykvísku sveitanna, því kennt er samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og nemendur taka viðurkennd áfangapróf.

Það er mat okkar að það myndi auka vægi skólahljómsveita í Reykjavík ef námið væri metið sem valgrein í 8., 9. og 10. bekk ásamt öðru listnámi. Það myndi einnig bjóða upp á meiri samþættingu listgreina, sameiginleg listræn verkefni og þar með uppbyggilegra og meira samhangandi skólastarf á sviði lista. Það vakti athygli okkar hversu mikið samstarf var almennt á milli listgreina í þeim bandarísku skólum sem við heimsóttum, nemendur settu upp stórar leik- og söngleikjasýningar sem margir komu að, s.s. í Billerica. Þar var verið að undirbúa leiksjóningu með þátttöku hljóðfæraleikara, kórs, dansara og leikara.

Bandarískir nemendur geta oftast sinnt tónlistarnámi á skólatíma, í lotukerfi (blocks), og það tíðkast í sumum skólanna að yngri nemendur séu teknir úr tímum til að fara í tónlistarstarf, (pull-out-kerfi). Það gæti verið mjög heppilegt að okkar mati ef aðstaðan í reykvískum grunnskólunum byði í auknum mæli upp á slíka valkosti .

Bandarískir foreldrar eru almennt mjög meðvitaðir um skyldur barna sinna gagnvart skólahljómsveitinni, s.s. vegna æfinga og tónleika. Í mörgum skólum hefur verið gerð handbók um hljómsveitarstarfið sem greiðir mjög fyrir foreldrarstarfi og er það til mikillar fyrirmyndar. Gera mætti slíkt átak í reykvískum skólahljómsveitum. Það vakti líka athygli okkar hversu öguð börnin voru á æfingum og tónleikum og virtust bera mikla virðingu fyrir stjórnanda, verkefninu sem verið var vinna að og framlagi hvers annars. Reykvískir grunnskólarnemar eru ekki jafn agaðir og kemur þar margt til, s.s. menningarmunur, ólíkt rekstrarform skóla í löndunum, aðstaða til æfinga og kennslu og minni hlutdeild foreldra í hljómsveitarstarfi. Í öllum skólum sem við heimsóttum var aðstaða fyrir tónlistarstarf til mikillar fyrirmyndar. Stórir salir, sérútbúnir fyrir tónlistarstarf, æfingaherbergi og tölvuherbergi, voru fyrir tónlistarnemendur. Í Bandaríkjunum er skólahljómsveit og skóli augljóslega ein og sama stofnunin og því verður skólahljómsveitin aldrei viðbót eða “aðskotahlutur” í skólastarfinu, heldur eðlilegur þáttur. Gert er ráð fyrir hljómsveitarstarfi við hönnun skólabygginga og öllu skipulagi skólastarfs. Aðstaða fyrir tónlistarnemendur var einnig til fyrirmyndar, t.d. höfðu þeir allir skápa til að geyma hljóðfæri og nótur, sem er afar nauðsynlegt því hljóðfæri eu dýr og vandmeðfarin.

Aðstaðan í reykvískum grunnskólum til tónlistarkennslu er langt í frá jafn góð og gæti hugsanlega líka skýrt ákveðið skilningsleysi sem okkur þykir ríkja á mikilvægi tónlistarstarfs og tónlistaruppeldis í skólum. Skólahljómsveitir í Reykjavík þyrftu í ríkara mæli að vera hluti af skólastarfi og aðstaða mun betri og sérhæfðari. Eins mætti fjölga nemendum og veita fleirum tækifæri til tónlistarnáms. Þá þarf samstarf við grunnskóla að vera betur skilgreint. Það er því meginniðurstaða okkar eftir ferðina að mikilvægt sé að fara í endurskoðun á aðbúnaði skólahljómsveitanna, auka vægi listnáms í grunnskólum og samþættingu listgreina með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Edward Frederiksen stjórnandi skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts

Jón E. Hjaltason stjórnandi skólahljómsveitar Grafarvogs

Lárus Grímsson stjórnandi skólahljómsveitar Vesturbæjar og Miðbæjar

Vilborg Jónsdóttir stjórnandi skólahljómsveitar Austurbæjar

Laufey Ólafsdóttir tónlistarfulltrúi Menntasviðs Reykjavíkur

Runólfur Birgir Leifsson fjármálastjóri Menntasviðs Reykjavíkur

